

Nd.

1085. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., og l. nr. 66 31. des. 1937.

Frá öðrum minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. JÞálm, sem er jafnframt annar flm. frv., vill láta samþykkja það óbreytt. BÁ, BG, SG og JS tjáðu sig andvíga frv., en töldu rétt að senda það til umsagnar millipinganefndar í mjólkurmálum. Var það gert, og fer hér á eftir álit nefndarinnar.

„Það er vitað, að eftirspurn eftir mjólk og einkum sumum mjólkurvörum er nú meiri víða á landinu en framboð þessarar vöru. Á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar er nokkur skortur á mjólk stuttan tíma að haustinu, skortur á rjóma og skyri varir nokkru lengur, en smjörskorturinn er verulega mikill. Eftirspurninni eftir ostum er einatt hægt að fullnægja, án þess að mjólkurframleiðslan þurfi að aukast. Þennan umrædda skort á mjólk, rjóma og skyri þarf að koma í veg fyrir með því að auka að nokkru mjólkurmagn verðjöfnunarsvæðisins, einkum að haustinu. Hugsanlegar leiðir til þess eru:

1. Að stækka verðjöfnunarsvæðið.
2. Að stuðla að aukinni framleiðslu innan takmarka þess.
3. Að gera hvort tveggja, stækka verðjöfnunarsvæðið nokkuð og stuðla jafnframt að aukinni framleiðslu mjólkur að haustinu.

Um smjörskortinn gildir allt annað. Landið er í raun og veru eitt framleiðslusvæði fyrir smjör, þar eð sala smjörs, hvaðan sem er af landinu, er einmitt leyfð hindrunarlaust á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Auk þess ber að hafa það hugfast, að eftirspurnin eftir smjöri er nú svo mikil, að fjölga þyrfti kúm í landinu um mörg hundruð, til þess að hægt yrði að fullnægja henni. Af þessu er auðsætt, að engin stækkun verðjöfnunarsvæðisins getur haft það í för með sér, að fullnægt yrði þörfum þess fyrir smjör.

Stækkun verðjöfnunarsvæðisins vestur um Dali og Húnaþing er aðeins möguleg, ef til er mjólkurbú — nær en í Reykjavík, sem getur veitt þessari mjólk móttöku. Til greina kemur Mjólkursamlag Borgfirðinga eitt. Þetta mjólkursamlag er eign Borgfirðinga, og er því þörf samþykkis þeirra. Stærð samlagsins og möguleikar þess til stækkunar eru, að því er bezt verður séð, svipaðir möguleikum til aukinnar mjólkurframleiðslu á svæði því, sem nú starfrækir mjólkursamlagið, og má því vafalaust flytja vesturtakmörk þessa svæðis vestur að Snæfellsnesfjallgarði, þar eð eðlileg takmörk þess virðast fremur þar en þar, sem þau eru nú.

Frekari stækkun samlagssvæðis Borgfirðinga mundi sökum fjarlægðar og staðhátta hafa í för með sér rýrnun á vörugæðum yfirleitt. Hún mundi brjóta í bág við það ákvæði mjólkursölusamlaganna, að verðlagssvæðið skuli ná til þeirra mjólkurframleiðenda einna, sem aðstöðu hafa til að koma mjólk sinni daglega á sölustað. Og þetta atriði er meira en aðeins ákvæði mjólkursölulaganna, það er einnig krafa heilbrigðiseftirlitsins í bæjunum. Skilyrði til stækkunar verðjöfnunarsvæðisins væru fyrir hendi, ef til væri mjólkursamlag vestur í Döllum eða Húnavatnssýslu.

Hins vegar væri rétt að stækka nú þegar samlagssvæði Mjólkursamlags Skagfirðinga vestur um Húnavatnssýslu, eins langt og heppilegt yrði talið við nána athugun á skilyrðunum til slíkrar stækkunar. Þetta mjólkursamlag getur tekið til vinnslu allmikið af mjólk til viðbótar við það, sem fyrir er.

Að öllu þessu athuguðu leggur nefndin til:

1. Að vesturtakmörk verðjöfnunarsvæðisins verði flutt vestur að Snæfellsnesfjallgarði.
2. Að samlagssvæði Mjólkursamlags Skagfirðinga verði nú þegar stækkað vestur um Húnavatnssýslu, svo sem henta þykir, og að síðar verði komið á stofn eins fljótt og hægt er mjólkurbúi á Hvammstanga eða öðrum heppilegri stað í Húnavatnssýslu.

Jafnframt verði unnið að því, að sett verði upp nú þegar eða eins fljótt og frekast er hægt rjómbú bæði í Dalasýslu og í Húnavatnssýslu, — þar til mjólkurbúi verður komið upp þar, — í því skyni að auka smjörframleiðsluna og þar með bæta að nokkru úr hinum tilfinnanlega skorti á smjöri.

3. Að stuðlað sé að aukinni framleiðslu mjólkur að haustinu með því að greiða fyrir mjólk, sem þá er framleidd, hærra verð en hingað til hefur verið gert og taka til notkunar ónotaða möguleika til mjólkurframleiðslu í nærsveitum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, getur nefndin ekki að svo stöddu mælt með frekari eða öðrum breytingum á verðjöfnunarsvæðunum.

Þessar tillögur voru samþ. með öllum atkvæðum á fundi millipinganefndar í mjólkurmálum þ. 13. des. 1944.

Virðingarfyllst.

F. h. nefndarinnar.

Sigurður E. Hlíðar,
formaður.

Til landbúnaðarnefndar Nd. Alþingis.“

Við undirritaðir erum í aðalatriðum sammála tillögum millipinganefndarinnar, en teljum ekki þörf á að gera þær breytingar á verðjöfnunarsvæðunum, sem hún leggur til með sérstökum lögum, þar sem mjólkurverðlagsnefnd hefur það í hendi sér, og má telja vist, að hún taki tillögurnar til greina.

Við teljum óeðlilegt, að verðjöfnunarsvæðin séu teygð lengra en svo, að unnt sé að tryggja nauðsynlegt hreinlæti og tilskylda meðferð mjólkurinnar á svæðunum, en það teljum við ekki, að gert verði, nema fullkomin mjólkurbú séu þar starfandi í ekki meiri fjarlægð en svo, að mjólkurframleiðendur á svæðunum geti komið mjólkinni þangað að staðaldri. Þetta skilyrði er ekki fyrir hendi hér. Hins vegar teljum við sjálfsagt að endurskoða mjólkurverðlagssvæðin og breyta þeim, jafnóðum og þessi skilyrði breytast, t. d. með stofnun nýrra mjólkurbúa eða betri og öruggari samgöngum.

Við leggjum því til, að frv. verði fellt. SG óskar ekki að undirrita nefndarálit þetta, og HJ, sem var ekki kominn til þings, er málið var til meðferðar í nefndinni, vildi ekki taka þátt í meðferð þess innan nefndarinnar.

Alþingi, 2. febr. 1945.

Bjarni Ásgeirsson,
form.

Barði Guðmundsson.